

# Geðhjálp íhugar lögreglu- rannsókn

GEÐHJÁLP hefur ákveðið að kanna hvort rétt sé að fara fram á lögreglu-rannsókn vegna nafnlausar dreifibréfsins sem borið var út í öll hús í Hveragerði og innihélt fullyrðingar um dvalarheimilið Ás. Ingólfur H. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir að Geðhjálp liti mjög alvarlegum augum „þessi æsinga-skrif gegn minnihlutahópi og sjúklingum“.

Hann segir Geðhjálp fordæma þau skrif sem í dreifibréfinu eru. „Í dreifibréfinu er farið niðrandi orðum um suma íbúa Hveragerðis, farið með rangt mál og Hvergerðingar beinlínis hvattir til þess að snúast gegn geðsjúku fólki í bænum,“ segir Ingólfur.

Lögmaður samtakanna er þegar byrjaður að kanna grundvöll fyrir lögreglu-rannsókn að sögn Ingólfs og kveðst hann eiga von á að niðurstaða liggi fyrir fljótlega eftir helgi.

## **Pólitísk átök bæta ekki málið**

„Við viljum reyna að komast að hverjir eru upphafsmenn bréfsins og einnig hvort ástæða sé til að gera eitthvað frekar í málinu. Efnislega býður bréfið upp á að við því sé brugðist, en ef það er rétt sem ýjað er að í fréttum að þarna sé einhver pólitískur leikur á ferð innan Sjálfstæðisflokksins í Hveragerði er ekki annað hægt en að óska eftir því að forystumenn flokksins skerist í leikinn. Þetta er mjög alvarlegt og snertir ekki lengur þau átök sem þar eru, ef bréfið tengist þeim,“ segir Ingólfur.